

Ed.

470. Frumvarp til laga

[247. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt.

Flm.: Ingi Tryggvason, Steingrímur Hermannsson.

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Þá er heimilt að endurgreiða sveitarfélögum og öðrum þeim, sem kosta snjó-
mokstur á vegum eða götum, sannanlegan greiddan söluskatt af þessum fram-
kvæmdum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur söluskattur hækkað mjög á undanförunum árum og hlutdeild hans í tekjuöflun ríkisins farið vaxandi. Eftir því sem upphæðir sölu-
skatts hafa hækkað, hafa betur komið í ljós ýmsir vankantar á lögum þeim, sem
sett voru um söluskatt 1960, enda hafa verið gerðar á þeim allmiklar breytingar.

Með frumvarpi því, sem hér er flutt, er lagt til að heimilað verði að endur-
greiða sveitarfélögum og öðrum hliðstæðum aðilum, t. d. mjólkurflutningafélögum,
greiddan söluskatt af snjómokstri.

Kostnaður við snjómokstur er mjög misjafn eftir landshlutum. Þá er einnig
misjafnt, hvernig framlag ríkisins til snjómoksturs nýtist hinum ýmsu byggðar-
lögum.

Á sumum þjóðvegum kostar Vegasjóður allan snjómokstur, annars staðar eru
vegir ruddir á kostnað Vegagerðar tvisvar í viku eða sjaldnar, allviða, jafnvel í
þéttbýlum og snjóþungum sveitum, kostar Vegagerðin snjómokstur að fullu aðeins
einu sinni á ári. Ef menn þurfa að ryðja vegina oftár, verður helmingur kostna-
aðar að koma frá heimamönnum. Þung rök má færa fyrir því, að samgöngur á
landi séu jafnnauðsynlegar allan ársins hring og því sé eðlileg skylda samfélags-
ins að gera það sem unnt er til að vegum sé haldið opnum án sérstaks kostnaðar
fyrir þá, sem húa við snjóþyngsli eða lága vegi, sem ekki verjast fyrir snjó.

Skattheimta til almenningsþarfa verður seint með þeim hætti, að öllum þyki
fullu jafnrétti framfylgt. Söluskatti fylgir t. d. sá galli, að fjárhagsleg óhöpp eða
skaðar geta orðið tekjulind fyrir ríkissjóð. Í þjóðfélagi, sem stefnir að auknu
félagslegu réttlæti, hlýtur að vera eðlilegt og sjálfsagt að nema burt þau laga-
ákvæði, sem auka misrétti með þeim hætti, að óviðráðanlegir örðugleikar við lífs-
framfærslu séu gerðir að tekjulind fyrir samfélagið. Örðugar vetrarsamgöngur í
hæ eða byggð af völdum vegleysis eða snjóлага eru eitt þeirra atriða, sem af-
komumismun valda. Með frumvarpi því, sem hér er flutt, er gert ráð fyrir heim-
ild ríkissjóðs til að leiðrétta að nokkru þennan aðstöðumun.